

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – júní 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrri árshelming 2007 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 28,7 ma.kr. innan ársins, sem er 1 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur í heild reyndust um 35 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan gjöldin hækka um 22 ma.kr. Hreinn lánsfjárfnuður er neikvæður um 39,7 ma.kr. sem er 67,2 ma.kr. lakara en á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjárukningu Seðlabanka Íslands með 44 ma.kr. eiginfjárramlagi ríkissjóðs í byrjun maí.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – júní 2007 (Í milljónum króna)

	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2007</u>
Innheimtar tekjur	130.556	133.583	165.540	182.826	217.913
Greidd gjöld	127.670	138.399	151.887	153.160	175.509
Tekjujöfnuður	2.886	-4.816	13.653	29.666	42.404
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-12.059	-	-	-	-6136
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	114	2.574	1.883	40	-7.578
Handbært fé frá rekstri	-9.059	-2.243	15.536	29.706	28.690
Fjármunahreyfingar	17.596	4.251	10.379	-2.208	-68.369
Hreinn lánsfjárfnuður	8.424	-858	25.915	27.498	-39.679
Afborganir lána	-17.952	-28.604	-30.002	-38.873	-35.556
Innanlands	-5.545	-3.601	-13.775	-24.100	-21.357
Erlendis	-12.408	-25.004	-16.227	-14.773	-14.199
Greiðslur til LSR og LH	-3.750	-3.750	-1.900	-1.980	-1.980
Lánsfjárfnuður Brúttó	-13.279	-33.212	-5.988	-13.355	-77.215
Lántökur	14.038	34.780	9.579	16.246	49.745
Innanlands	12.661	11.228	5.305	8.146	46.411
Erlendis	1.377	23.552	4.274	8.100	3.334
Greiðsluafkoma ríkissjóðs	760	9.828	3.591	2.890	-27.470

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 218 ma.kr. á fyrri helmingi þessa árs. Það er 29 ma.kr meira en á sama tíma í fyrra, eða 15,8% aukning sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur aukningin 21,3%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um tæplega 14% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5,7% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því rúm 8%. Aukning annarra rekstrartekna um 44% milli ára skýrist af arðgreiðslum sem greiddar voru vegna Landsímans í fyrra en ekki á þessu tímabili.

Skattar á tekjur og hagnað námu 77,2 ma.kr. og jukust um 12 ma.kr. frá síðasta ári, eða 18,8%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 15,2%, tekjuskattur lögaðila hækkaði um 30% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur hækkaði um 49%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 10% milli ára, og héldust í hendur við hækkun launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 5,5 ma.kr. sem er sama upphæð og í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 4,3 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur aukist um 300 milljónir frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendar eftirspurnar. Hún nam 90,8 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og jókst um 11% að nafnvirði frá fyrra ári og 5% umfram hækkun vísitölu

neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um rúm 15% sem jafngildir rúmlega 9% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar en sé litið á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánuða kemur fram að verulega hefur hægt á raunvexti tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu. Af helstu einstökum liðum veltutengdra skatta er stærsta aukningin í sköttum á olíu og þungaskatti. Mesta lækkun tekna er af vörugjöldum af ökutækjum en þau skiluðu 19,4% minni tekjum en á sama tíma í fyrra. Nýskráningar bifreiða á fyrri helmingi ársins voru 21,5% færri en á sama tíma 2006. Nýskráning bifreiða er þó að taka við sér og var júní þriðji hæsti mánuðurinn frá upphafi.

Greidd gjöld nema 175, ma.kr. og hækka um 22 ma.kr. milli ára, eða 14,6%. Mest aukning er vegna almannatrygginga og velferðarmála 5,4 ma.kr. og vegna efnahags- og atvinnumála 4,9 ma.kr. Greiðslur vegna almennrar opinberrar þjónustu hækka um 4,4 ma.kr. milli ára, greiðslur vegna heilbrigðismála hækka um 4 ma.kr. milli ára og menntamál um 2,3 ma.kr. Vaxtagreiðslur hækka um 2,1 ma.kr.

Lántökur ársins nema 49,7 ma.kr. og hækka um 33,5 ma.kr. milli ára, mest vegna 26,9 ma.kr. lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun.

2 ma.kr. voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Staða á sjóðs- og bankareikningum versnaði um 27,5 ma.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júní 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Skatttekjur og tryggingagjöld	148.057	172.169	196.121	18,7	16,3	13,9
Skattar á tekjur og hagnað	48.725	65.047	77.264	15,5	33,5	18,8
Tekjuskattur einstaklinga	34.156	38.315	44.126	10,3	12,2	15,2
Tekjuskattur lögaðila	4.820	12.787	12.383	-1,2	165,3	-3,2
Skattur á fjármagnstekjur	9.750	13.945	20.756	54,2	43,0	48,8
Eignarskattar	7.497	5.449	5.494	56,8	-27,3	0,8
Skattar á vöru og þjónustu	74.415	81.743	90.767	18,9	9,8	11,0
Virðisaukaskattur	52.290	56.145	64.697	21,0	7,4	15,2
Vörugjöld af ökutækjum	5.120	5.879	4.736	76,3	14,8	-19,4
Vörugjöld af bensíni	3.887	4.265	4.334	-1,2	9,7	1,6
Skattar á olíu	2.603	2.903	3.278	14,5	11,5	12,9
Áfengisgjald og tóbaksgjald	5.129	5.338	5.615	6,3	4,1	5,2
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	5.386	7.213	8.106	-1,5	33,9	12,4
Tollar og aðflutningsgjöld	1.511	1.601	2.292	5,7	5,9	43,2
Aðrir skattar	337	375	513	.	11,1	37,0
Tryggingagjöld	15.571	17.955	19.790	15,8	15,3	10,2
Fjárframlög	234	306	470	37,7	30,9	53,6
Aðrar tekjur	17.010	10.065	14.536	95,7	-40,8	44,4
Sala eigna	239	287	6.787	-	-	-
Tekjur alls	165.539	182.826	217.913	23,9	10,4	19,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2005	2006	2007	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	26.349	20.689	25.102	-21,5	21,3
Þar af vaxtagreiðslur	14.393	6.728	8.850	-53,3	31,5
Varnarmál	160	266	303	66,2	14,0
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	5.347	6.979	7.833	30,5	12,2
Efnahags- og atvinnumál	12.176	19.038	23.921	56,4	25,6
Umhverfisvernd	1.418	1.679	1.714	18,4	2,1
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	215	204	220	-5,1	8,1
Heilbrigðismál	38.357	41.176	45.156	7,3	9,7
Menningar-, íþrótt- og trúmál	6.406	6.855	8.095	7,0	18,1
Menntamál	16.123	18.219	20.241	13,0	11,1
Almannatryggingar og velferðarmál	29.905	33.617	39.016	12,4	16,1
Óregluleg útgjöld	3.433	4.440	3.909	29,3	-12,0
Gjöld alls	139.890	153.160	175.509	9,5	14,6